

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Reykir



Dags eftirlits	12.10.2012	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Víkurhvarfi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður J. Sæmundsson	ÍSAT nr.	01.10.1
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Athugasemdir voru gerðar við tvö atriði.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

Umhverfi

Farið í kringum gróðurhús og um athafnarsvæðið, myndir teknar og leitað að byggplöntum í umhverfinu. Engin byggplanta var sýnileg utan við gróðurhús og á athafnasvæði.

Afmörkunarráðstafanir athugaðar

Öryggskerfi, úrgangur, frárennsli, verklag, skemmdir á gróðurhúsi og dýravarnir

Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir

Skráning ræktunarinnar er að hluta til rafræn, í Excel skjali. Umsjónarmaður starfsstöðvarinnar var ekki til staðar, en hann var með vinnudagbók starfsstöðvarinnar, skv. staðfestingarsímtali. Óskað var eftir afriti úr vinnudagbók yfir skráningu innra eftirlits starfsstöðvarinnar. Í samræmi við skilyrði um innra eftirlit leyfisins var eftirlit með því hvort erfðabreyttar lífverur fyndust utan við gróðurhús. Engar byggplöntur fundust utan við gróðurhús við það eftirlit. Einnig óskaði eftirlitsfulltrúi eftir lista yfir byggafbrigði í ræktun að Reykjum, sem er skráð rafrænt. Áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera var til staðar á starfsstöð en ekki viðbragðsáætlun. Eftirlitsfulltrúi skildi eftir eintak af samþykktri viðbragðsáætlun í starfsstöð.

ATHUGASEMDIR

Gerðar eru athugasemdir við að hvorki vinnudagbók (aths 1) eða viðbragðsáætlun (aths 2) voru til staðar á starfsstöð. Umbeðið afrit úr vinnudagbók yfir innra eftirlit hefur borist Umhverfisstofnun. Í eftirlitsferð var afhent eintak af samþykktri viðbragðsáætlun.

ANNAÐ

Eftirlitið hófst kl. 13:30 þann 12. október sl. í tilraunagróðurhúsi LBHÍ að Reykjum. Starfsmaður ORF Líftækni hf. fór með eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar í vettvangsskoðun. Umsjónarmaður starfsstöðvar var ekki viðstaddur. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 14:15.

Reykjavík, 15.11.2012

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.